

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis úr gildi lög nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Porsteinn Pálsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 20. mars 1992 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar 73. gr. komi eftirfarandi málsgrein:

„Kennslunefnd skipuð kennurum og stúdentum er stjórn deildarinnar til ráðuneytis um málefni er lúta að kennslu. Læknadeild setur nánari reglur um skipan og starfshætti nefndarinnar.“

2. gr.

Fremst í XVI. kafla bætist við ný grein:

109. gr. a.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um. Deildarfundur skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði. Deildarfundur er heimilt að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til deildarráðs og afturkalla heimildina að því er varðar mál er eigi hafa hlotið afgreiðslu í ráðinu.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta varaforseti deildarinnar, fjórir aðrir kennarar deildarinnar og tveir fulltrúar stúdenta. Kennararnir skulu kjörnir á deildarfundum í apríl ár hvert úr hópi prófessora, dósentra og lektora og skal þess þá gætt, að í deildarráði sitji í mesta lagi einn kennari úr hverri kennslugrein, sbr. a)-lið 110. gr. Fulltrúar stúdenta skulu kjörnir til eins árs í senn af félagssamtökum þeirra úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Ef fjalla þarf sérstaklega um málefni kennslugreina og enginn deildarráðsmanna er kennari í þeirri grein, skal deildarforseti leita umsagnar og tillagna greinarkennara og gefa þeim kost á að senda fulltrúa á fund ráðsins til að ræða það málefni, en atkvæðisrétt á hann ekki. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf kennsluárs.

Deildarráð heldur fundum eftir þörfum. Fundur skal boða bréflega með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef því verður við komið. Deildarforseti boðar fundum og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Skyld er að boða til fundar, ef rektor eða þriðjungur deildarráðsmanna óska þess. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál er deildina varða, en úrslitavald hefur það

aðeins í þeim málaflökkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra, enda hafi atkvæðagreiðsla ekki verið skrifleg. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundi. Deildarforseti ákveður hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarforseti annast framkvæmd á ákvörðunum deildarráðs og deildarfunda og nýtur til þess aðstoðar skrifstofu deildarinnar. Deild getur veitt deildarforseta umboð til að fara með mál sem heyra undir deildarráð og deildarfund.

3. gr.

Í XVI. kafla bætist við ný grein:

112. gr. a.

„Deildarfundur í félagsvísindadeild gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í ákveðnum námskeiðum eða kennslugreinum.“

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 25. mars 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

7. apríl 1992

Nr. 23

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 7. apríl 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 24

13. apríl 1992

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 13. apríl 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.